

"Ég sagði honum, að móðir mín væri veik", sagði drengurinn við sjálfan sig kjökrandi, "og hann sagði að ég lygi og kallaði mig þjóf, — og litli sonur hans sló mig í andlitið með svipunni sinni. — — Þannig eru þeir ríku. — — Hefði það verið látækur bóndi, þá hefði hann ekki rekið mig í burtu, og því síður barið mig og kallað mig þjóf, mig, sem aldrei hefði stolið neinu, ekki einu sinni svo miklu sem títu-prjón. Ó, guð minn góður! hvernig á ég nú að komast heim til minnar góðu móður?"

Drengurinn laut niður snöktandi, og fór að tína saman greinarnar og kvistina.

"Af hvorju grætur þú, drengur minn?" heyrði hann á sama augnabliki sagt í meðaumkvunarróm, og þungri hendi var stutt á herðar honum. Hann leit upp. Frammi fyrir honum stóð ungur maður, tötralega klæddur, með harðan og tryllingslegan svip, sem þó hafði mýkst ögn af eðlilegri meðaumkvun. Þrátt fyrir hið hörkulega útlit mannsins og rauða hárið hans, vakti þó hreimurinn í orðunum traust drengsins. Hann sagði með barnslegri hrein-skilni frá vandræðum sínum, hvað fyrir hann hafði komið í vagninum og hve illri meðferð hann hefði mætt.

Maðurinn með rauða hárið krefti hnefana af gremju, þegar hann heyrði sögu drengsins.

"Já, þannig eru þeir", tautaði hann og stappaði niður fótunum, "þannig eru þessir ríku höfðingjar, sem álíta sig æðri verur. Það er níðingslegt, að fara þannig með vesalings dreng". Þvo bætti hann við:

"Hvað ertu gamall?"

"Hér um bil 10 ára".

"Hefirðu notið skólanáms?"

"Já, ég sækir skóla á hverjum degi hjá góða